

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

LSS150434

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 24. apríl 2013, og viðauka við grunnlýsingu, dagsettur 30. maí 2013, skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dags. 24. apríl 2013, viðauka við grunnlýsingu, dagsettur 30. maí 2013, og endanlegum skilmálum dags. 21. ágúst 2013. Fyrirgreind skjöl má nálgast á starfsstöð útgefanda og á vefsíðu hans, sem er: www.lanasjodur.is.

Útgefandi	Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
Ábyrgð útgefanda	Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnréttáar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda
Auðkenni	LSS150434.
ISIN númer	IS0000020691.
Tilgreind mynt	ISK.
Nafnverð	ISK 879.000.000.
Áður útgefið og selt	ISK 10.808.852.565.
Stærð flokks skv. núgildandi heimild	ISK 30.000.000.000 að nafnvirði.
Dagaregla	30E/360.
Nafnverðseiningar	ISK 1.
Útgáfudagur	22. ágúst 2013.
Fyrsti vaxtadagur	15. október 2011.
Tegund bréfs	Verðtryggt jafngreiðslubréf.
Vextir	3,75% fastir verðtryggðir ársvextir.
Tíðni afborganna og vaxta	Tvisvar á ári, 15. apríl og 15. október ár hvert.
Fyrsta greiðsla	15. apríl 2012.
Fjöldi vaxtagreiðslna og afborgana	45.
Lokagjalddagi	15. apríl 2034.
Verðtrygging og grunnvísitala	Skuldabréf þetta er bundið dagvísitölu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala bréfanna er 387,1 (VNV 1. mars 2012).

(10)

Ávöxtun á söludegi	Ávöxtunarkrafa dags. 20. ágúst 2013 var 2,69% og sölugengi 113,9167.
Útreikningur ávöxtunar	Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins sé jafnt söluverðinu.
Taka til viðskipta	Sótt hefur verið um að skuldbréf að fjárhæð 879.000.000 að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. þann 23. ágúst 2013.
Uppgreiðsluheimild	Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.
Víkjandi ákvæði	Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.
Hlunnindi	Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.
Verðbréfamiðstöð	Verðbréfaskráning Íslands hf., Laugavegi 182, Reykjavík.

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu 23. ágúst 2013. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útböðum. Umsjónaraðili sölnnar er Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útböðum sjóðsins sem nemur 0,15% af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útböði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK 110.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 1.632.018. Að auki greiðir lánasjóðurinn árlegt fast gjald ISK 55.000 fyrir að skuldabréfaflokkurinn sé í viðskiptum á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu markaðstengdu gjaldi sem nemur 0,001% af markaðsvirði skuldabréfaflokksins hverju sinni.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK 1.001.327.793. Að frádreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útböðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar 999.695.775.

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 21. ágúst 2013:



sem hefur til þess fullt umboð